



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Ragna Karlsdóttir
Ólafur G. Flóvenz
Magnús Ólafsson

Jarðhitadeild
GREINASAFAR

JARÐHITARANNSÓKNIR Á ÁRSKÓGSSTRÖND 1988

8/1989

OS-89017/JHD-02
Reykjavík, júní 1989

Unnið fyrir
Árskógsstrandarhrepp



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 665051

Ragna Karlsdóttir
Ólafur G. Flóvenz
Magnús Ólafsson

JARÐHITARANNSÓKNIR Á ÁRSKÓGSSTRÖND 1988

OS-89017/JHD-02
Reykjavík, júní 1989

Unnið fyrir
Árskógsstrandarhrepp

ÁGRIP

Árið 1988 var gerð jarhitakönnun fyrir Árskógsstrandarhrepp. Jarðhiti finnst á einum stað í hreppnum, í Merkisvík í Hálshöfða, og var jarðhitarannsóknin bundin við þann stað. Með viðnámssniðsmælingum fannst vísbending um jarðhitasprungu, sem liggur í Hálshöfða VNV frá Merkisvík. Efnagreiningar benda til að vatnið sé vel neisluhæft og geti náð um 60°C hita. Nauðsynlegt er að kanna betur legu sprungunnar með rannsóknarborunum.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
1. INNGANGUR	3
2. JARÐHITINN Í MERKISVÍK	3
3. EFNAGREINING HEITA VATNSINS	5
4. VIÐNÁMSSNIÐSMÆLINGAR	6
4.1 Mælingar í Hálshöfða	9
4.2 Niðurstöður viðnámsmælinga	10
5. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA	12
Tafla 1. Efnasamsetning vatns	7
 MYNDASKRÁ	
Mynd 1. Jarðhitinn í Merkisvík	6
Mynd 2. Mælilínur í Hálshöfða	9
Mynd 3. Mælilínur í Hálshöfða	10
Mynd 4. Niðurstöður viðnámsniðsmælinga	13
VIÐAUKI I. Viðnámsniðsmælingar. Frumgögn og líkön	15

1. INNGANGUR

Að beiðni Sveins Jónssonar að Kálfsskinni á Árskógsströnd tók Jarðhitadeild Orkustofnunnar að sér könnun á jarðhita á Árskógsströnd. Í Merkisvík norðan í Hálshöfða á Árskógsströnd seytlar 38.5 °C heitt vatn fram undan klettum í fjörunni. Tilgangur könnunarinnar var að leita að aðfærsluæð jarðitasvæðisins með það fyrir augum að staðsetja þar borholu fyrir hugsanlega hitaveitu á Árskógsströnd og meta líklegan hita vatnskerfisins og gæði vatnsins. Ennfremur var kannað hvort einhver merki um vatnsleiðandi sprungur fyndust á svæðinu milli Hálshöfða og Árskógssands og var þá horft til þess að sprunga sú sem jarðhitinn í Hrísey tengist stefnir í átt að þessu svæði.

Samkvæmt upplýsingum Sveins Jónssonar mun væntanleg hitaveita annað hvort fá vatn sitt frá Hitaveitu Dalvíkur eða af jarðitasvæðinu í Hálshöfða, ef líkur eru á að boranir þar beri árangur.

Jarðitarannsóknin fól í sér eftirfarandi þætti:

1. Skoðun á jarðhitanum í Merkisvík og næsta umhverfi hans.
2. Efnagreiningu vatns úr lauginni í Merkisvík.
3. Viðnámssniðsmælingar í Hálshöfða til að leita að aðfærsluæð jarðhitans.
4. Viðnámssniðsmælingu samsíða ströndinni suðaustur frá Hálshöfða í átt að Árskógsandi til að leita að hugsanlegu suðurframhaldi "Hríseyjarsprungunnar".


2. JARÐHITINN Í MERKISVÍK

Í skýrslu Orkustofnunar um jarðitarannsóknir á Dalvík frá árinu 1970 (Kristján Sæmundsson, 1970: Skýrsla um jarðitarannsóknir á Dalvík. Orkustofnun.) er jarðlögum í Hálshöfða lýst og snið af þeim dregið upp á mynd. Mynd 1, sem er ljósmynd af jarðlögum við laugina í Merkisvík, lýsir aðstæðum þar. Heita vatnið seytlar fram á lagmótum. Neðan þeirra er basalthraunlag en ofan þeirra lag eða öllu heldur hrúgald úr samlímuðu völubergi. Völubergið, sem myndast hefur í lok síðustu ísaldar, hefur væntanlega verið mun útbreiddara en það hefur eyðst vegna ágangs sjávar alls staðar nema þar sem jarðhitinn hefur náð að baka það saman í þetta klöpp. Þetta sýnir að virkur jarðhiti hefur verið á þessum stað í þúsundir ára, trúlega a.m.k. frá lokum ísaldar fyrir u.þ.b. tíu þúsund árum.

Greinilegt er að misgengi liggar undir eða við völubergslagið þar sem jarðlög beggja vegna við standast ekki á. Einnig hallar jarðlögnum næst vestan við laugina vægt til vesturs en austan hennar er allmikill austlægur halli á jarðlögnum.

Sú staðreynd að volga vatnið rennur fram milli laga þýðir að um lárétt rennsli er að ræða og því er uppkomustaðurinn væntanlega á sprungu einhvers staðar inn undir Höfðanum en ekki úti í sjó.

Ofan völubergslagsins er þríklofin geil í klettunum. Slíkar geilar myndast gjarnan þar sem misgengi eða berggangar eru í klettaveggnum. Megingeilin sést greinilega á loftmyndum og virðist mega rekja framhald hennar sem smálægð inn eftir Höfðanum.



Mynd 1. Jarðhitinn í Merkisvík

3. EFNAGREINING HEITA VATNSINS

Sýni var tekið úr lauginni í Merkisvík þann 5. maí 1988 og hefur það nú verið efnagreint á efnarannsóknastofu Orkustofnunar. Niðurstöður efnagreininga eru sýndar í töflu 1 og til samanburðar er sýnd efnasamsetning heits vatns á tveimur nálægum jarðhitastöðum, vatn úr holu 10 á Hamri, þar sem Hitaveita Dalvíkur tekur vatn og vatn úr holu 10 í Hrísey, en það er nýja vinnsluhola Hitaveitunnar þar.

TAFLA 1. Efnasamsetning vatns (mg/kg)

Staður	Merkisvík	Hamar Hola 10	Hrísey Hola 10
Dags. Hiti (°C)	88-05-05 37,5	87-10-26 64	88-10-27 79
Sýrustig (pH/°C)	10,3/21	10,2/17	9,5/17
Kísill (SiO_2)	81,7	89,4	69,7
Natríum (Na)	48,0	46,0	205,0
Kalí (K)	0,54	0,6	3,8
Kalsíum (Ca)	2,1	2,1	53,7
Magnesíum (Mg)	0,03	0,01	0,006
Járn (Fe)	<0,025	<0,025	<0,025
Karbónat (CO_2)	15,1	15,1	7,3
Súlfat (SO_4)	10,4	13,0	50,1
Brennist. vetni (H_2S)	<0,03	<0,03	<0,03
Klóríð (Cl)	13,2	9,4	388
Flúor (F)	0,44	0,49	0,28
Uppleyst efni	186	179	836

Eins og fram hefur komið hér að framan þá er vatnið í Merkisvík allt að 38,5°C heitt. Efnasamsetning þess er mjög svipuð efnasamsetningu heita vatnsins á jarðhitasvæðunu við Hamar, en það er 64°C heitt. Aftur á móti er efnasamsetning heita vatnsins í Hrísey allt önnur og stafar það af blöndun sjávar við jarðhitavatnið.

Efnainnihald jarðhitavatns getur gefið upplýsingar um hita djúpt í jörðu, þar sem ríkir jafnvægi milli vatns og bergs. Slíkar upplýsingar eru einkum áhugaverðar áður en borað er í jarðhitasvæði, eða þar sem frekari boranir eru fyrirhugaðar. Hér á landi hafa einkum verið notaðar tvær gerðir efnahitamæla, annars vegar kísil-hitamælar og hins vegar alkalí-hitamælar. Þar sem sýrustig vatnsins í Merkisvík er hátt er ekki unnt að beita kísil-hitamæli. Útreiknaður alkalí-hiti er á bilinu 45-50°C, en þá ber að geta þess, að alkalí-hitamælir er óáreiðanlegur við lægri hita en 90-100°C. Aftur á móti bendir heildarefnasamsetning vatnsins og samanburður við vatn úr holu 10 við Hamar til þess að djúpt í jörðu hafi vatnið náð allt að 60°C hita.

Vatnið er snautt af uppleystum efnum og ekkert bendir til annars en að það sé ágætt til nýtingar.


4. VIÐNÁMSSNIÐSMÆLINGAR

Með viðnámsmælingum er mælt eðlisviðnám jarðar. Þær byggja á því að senda rafstraum á milli tveggja straumskauta í gegnum jörðina og mæla þá spennu sem straumurinn skapar milli tveggja spennuskauta. Hlutfall mældrar spennu og straums svo og innbyrðis afstaða straum- og spennuskauta ákvarða svonefnt sýndarviðnám. Sýndarviðnámið er síðan umreiknað yfir í raunverulegt eðlisviðnám jarðar, sem getur verið breytilegt bæði með dýpi og frá einum stað til annars. Eðlisviðnám bergs ræðst af hitastigi bergsins, vatnsinnihaldi þess og stundum einnig af seltu og ummyndunarstigi bergsins. Við aðstæður eins og á Árskógsströnd eru það fyrst og fremst hiti og vatnsinnihald bergsins sem ráða eðlisviðnámi bergsins. Því hærri sem hitinn er og því meira sem innihald vatns í jarðlögum er, þeim mun lægra eðlisviðnám mælist. Heitt vatn í berggrunni kemur því fram sem lágvíðnámsvæði í viðnámsmælingum.


Undanfarin áratug hefur verið þróuð mæliaðferð, viðnámsniðsmæling, sem reynst hefur hentug til að leita að nær lóðréttum vatnsleiðandi sprungum í jörðu. Slíkar sprungur koma fram sem lóðréttir lágvíðnámsveggir í mælingunum. Í viðnámsniðsmælingum er mælt með 25 metra bili eftir beinum línum. Oftast er mælt tvívar eftir sömu línum með mismunandi bili milli straumskauta en því lengra sem þetta bil er þeim mun dýpra niður í jörðina má mæla eðlisviðnámið.

Að loknum mælingum eru mælingarnar túlkaðar þ.e. sýndarviðnámsgildin eru umreiknuð yfir í raunverulegt eðlisviðnám jarðar undir mælilínunni. Viðnámsniðsmælingar eru túlkaðar tvívít, sem þýðir að í túlkun getur viðnám breyst eftir línum og með dýpi, en ekki þvert á línum. Hver lína er túlkud sér og óháð öðrum línum en í lokin er túlkun allra línnanna borin saman og reynt að gera líkan eða mynd af svæðinu í heild.

Túlkunin fer þannig fram að giskað er á út frá mælingunum hvernig viðnámskipan jarðar undir mælilínu muni vera. Síðan eru reiknað út í tölvu hvernig mæliferilinn myndi líta út ef viðnámskipan jarðar væri í raun eins og ágiskaða líkanið. Mældu og reiknuðu ferlarnir eru síðan bornir saman. Þá kemur venjulega fram verulegur mismunur sem reynt er að minnka sem mest með því að breyta líkaninu aftur og aftur uns viðunandi samræmi fæst milli mældra og reiknaðra gilda. Þar með er fengið viðnámslíkan af jörðinni undir mælilínunni sem samræmist mæliniðurstöðum í stórum dráttum.



Mynd 2. Mælilínur í Hálshöfða



Mynd 3. Mælilitnur í Hálshöfa

4.1 Mælingar í Hálshöfða

Mældar voru sex mælilínur í Hálshöfða. Línur 1,2 og 3 liggja austur vestur og línur 4,5 og 6 liggja norðvestur suðaustur. Staðsetning mælinganna er sýnd á myndum 2 og 3. Nokkuð erfitt reyndist að koma við mælingum þar sem jarðhitinn er alveg við sjó. Ekki er unnt að mæla nær sjó eftir mælilínunni en sem nemur riflegri fjarlægð frá mælimiðju að straumskauti, sem í þessu tilviki var 300 og 500m.

Þá ber að geta þess að mælingarnar eru næmastar fyrir lágvíðnámssprungum sem liggja þvert á mælilínurnar. Eftir því sem hornið milli sprungu og mælilínu er minna vaxa líkur á því að sprungan komi ekki fram í mælingunum. Ef hornið er orðið 45° eða minna er veruleg hætta á að slík lágvíðnámssprunga sjáist ekki í mælingunum.

Eins og áður er sagt er hver lína túlkuð fyrir sig, óháð öðrum línum. Hér á eftir er sagt frá helstu atriðum í túlkun hverrar mælilínu.

Lína 1

Lína 1 er mæld með 300 metra straumarmi frá -50m til 2300m og með 500 metra straumarmi frá 500m til 1800m. Framhald línumnar til suðausturs meðfram ströndinni er mælt með 500m straumarmi, eða frá 2300m til 4300m og frá 5175m til 6125m. Sjá myndir 2 og 3.

Lína 1 er túlkuð tvívít frá 0-2300m. Í líkani er gert ráð fyrir áhrifum sjávar og setsins í árósum um norðvestan við enda línumnar. Lágvíðnámsveggur, með 20Ω m viðnámi, sem túlka má sem jarðhitaáhrif, er í 400m. Nokkrar háviðnámsblokkir koma fram, einkum austan til í Hálshöfðanum. Í yfirborði þ.e. niður á allt að 100m dýpi er háviðnám frá 900m samfellt út í 1900m. Viðnámið í þessum blokkum er $250-300\Omega$ m. Haerra viðnám eða $400-600\Omega$ m er í 1350-1500m og nær eins djúpt og mælingarnar skynja. Fremur lágt viðnám $60-80\Omega$ m er á nokkrum stöðum eða 100-300m, $500-800$ m neðan yfirborðslags og smá ræma í 1300m.

Sá hluti línumnar sem liggur austan við Hálshöfða sýnir óljós merki um lágvíðnámssprungur á þremur stöðum milli Hámundarstaða og Hálshöfða en þar fyrir vestan er engin merki að sjá um vatnsleiðandi sprungur (mynd 4).

Lína 2

Lína 2 er mæld með 300 metra straumarmi frá 150m til 1500m og með 500 metra straumarmi frá 600m til 1500m. Lína 2 er túlkuð tvívít. Í líkani er gert ráð fyrir áhrifum sjávar í yfirborði norðvestan við línum.

Lágvíðnámsveggur kemur fram í þessari línu í 300 m. Raunar er það einungis mælingin með 300m straumarmi sem nær yfir þennan lágvíðnámsvegg en af mælingum í 500m arminum má ráða að lágvíðnám er skammt framundan þar sem mæling hættir til vesturs.

Háviðnámsblokkir með $250-300\Omega$ m viðnámi koma fram í yfirborðslagi allt niður á 100 metra dýpi í 550m út í rúml. 900m og frá 1050m til 1200m. Háviðnámsblokkir með hærra viðnámi, sem nái eins djúpt og mælingarnar skynja eru í 850m til 950m og 1100m til 1200m. Þetta háviðnám svarar til háviðnámsins í línu 1 og er austan í Hálshöfðanum. Lágt viðnám $60-80\Omega$ m er í yfirborðslagi í 0m til 400m, í 950m til 1050m og í 1300m til 1400m. Lágvíðnám er líka á meira dýpi í 750m til 850m og 1200m til 1300m.

Lína 3

Lína 3 er mæld með 300 metra straumarmi frá 500m til 1500m og með 500 metra straumarmi frá 600m til 1500m. Lína 3 ber ekki merki um jarðhitaáhrif og er því ekki túlkuð tvívít. Háviðnám sést í 1200m til 1400m og fellur það saman við háviðnámið í línum 1 og 2 austan í Hálshöfða.

Þá benda veststu mæligildin til þess að lágviðnámsveggur geti verið nokkru vestan þess staðar þar sem mælinan endar.

Lína 4

Lína 4 er mæld með 300 metra straumarmi frá 850m til 1525m og með 500 metra straumarmi frá 525m til 1525m. Hún var túlkuð tvívít.

Gert er ráð fyrir áhrifum sjávar sem þunnu leiðandi lagi í líkani rétt norðan við enda línumnar. Mælingarnar virðast einnig "sjá" lágviðnám rétt norðan við mælisvið línumnar og því var settur lágviðnámsveggur með 15Ω m viðnámi í 300m. Gengið var úr skugga um að þessi lágviðnámsveggur sem virðist liggja norðvestan mælisviðs línumnar er ekki áhrif af skammri fjarlægð til sjávar. Háviðnám $300-500\Omega$ m er í 1000m til 1300m og fellur það saman við háviðnámið í línum 1 og 2.

Lína 5

Lína 5 er mæld með 300 metra straumarmi frá 500m til 1025m og með 500 metra straumarmi frá 500m til 1200m. Enginn merki um jarðhitaáhrif er að sjá í mælilínunni og hún því ekki túlkuð tvívít. Mælingarnar virðast hins vegar "sjá" lágviðnám norðan í Hálshöfðanum norðan enda mælilínunnar.

Lína 6

Lína 6 er mæld með 300 metra straumarmi frá 525m til 1200m. Háviðnámstoppar sjást í 600m til 800m og samsvarar það háviðnáminu í línum 1,2 og 4. Ekki sjást merki um jarðhita og línan ekki túlkuð tvívít.


4.2 Niðurstöður viðnámsmælinga

Svæðisbundið viðnám (þ.e. dæmigert eðlisviðnám jarðar utan jarðhitasvæðis) á Árskógsströnd er nálægt 150Ω m. Það þýðir að viðnám verður að mælast talsvert undir 50Ω m til að teljast vera vísbending um jarðhita.

Á mynd 4 eru dregnar saman helstu niðurstöður viðnámsniðsmælinganna. Lágviðnámsprunga virðist liggja til suðvesturs frá jarðhitum í Merkisvík. Skammt austan hennar virðist misgengið, sem kemur fram í Merkisvík, liggja. Virðist svo sem lágviðnámsprungan og misgengið skerist í eða skammt frá Merkisvík. Hugsanlegt er að þessi skurðpunktur sprungu og misgengis í jarðlögum beini heita vatninu til yfirborðs. Pessi lágviðnámsprunga kemur fram í línum 1 og 2 en aðrar línlínur nái ekki að fara yfir þessa lágviðnámsprungu vegna þess hve nálægt sjó hún er. Hins vegar má ráða af mæligildum vestast í línum 3, 4, 5, og 6 að lágviðnámsveggur er vestan við enda þeirra. Með líkanreikningum var gengið var úr skugga um að þetta er ekki vegna áhrifa frá sjónum.

Austanvert í Hálshöfða koma fram áberandi háviðnámsveggir með NNA stefnu. Þetta eru líkast til þykkir þéttir berggangar sem sjá má í fjörunni austan í Hálshöfða.

Merki um lágviðnámsprungur finnast norðan og norðvestan Hámundarstaða en að öðru leyti er engin merki um jarðhita að sjá í mælilínunni sem liggur frá Hálshöfða vestur að Árskógsandi.



Mynd 4. Niðurstöður viðnámsmælinga

5. NIÐURSTÖÐUR OG UMRAÆÐA

Niðurstöður þessarar rannsókna á jarðhitum í Hálshöfða má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Heita vatnið sem fram kemur á lagmótum skammt ofan fjöruborðs í Merkisvík í Háls-höfða er aðrunnið einhvern spöl lárétt eftir lagamótum frá upptökum sem væntanlega er sprunga sem liggur inn undir Höfðann.
2. Hiti vatnsins í lauginni er 38,5°C.
Efnagreiningar sýna að það er mjög svipað heita vatninu á vinnslusvæði Hitaveitu Dal-víkur við Hamar. Það vatn er 64°C heitt. Búast má við að vatnskerfið sem jarðhitinn í Merkisvík er ættaður frá sé ámóta heitt neðan 500m dýpis. Til að ná í það vatn þarf að bora í sprunguna sem veitir vatninu til yfirborðs, helst á 500-1000m dýpi.
3. Viðnámsmælingarnar benda til þess að sprungan sem leiðir heita vatnið til yfirborðs liggi til suðvesturs frá Merkisvík, nokkurn veginn í stefnu að jarðhitasvæðinu við Hamar. Ef þetta er aðalaðfærsluæð jarðhitasvæðisins þýðir það að bora þarf í landi Dalvíkur til að ná til vatnsins. Talsverð ónákvæmni er í staðsetningu sprungunnar út frá viðnáms-mælingum vegna þess hversu nærri sjó hún liggur. Til að ákvarða legu hennar nákvæm-lega og halla hennar þarf að bora grunnar rannsóknarholur.
4. Vísbendingar koma fram um lágvíðnámssprungur skammt norðan og norðvestan Há mundarstaða. Austar er engin merki að sjá um vatnsleiðandi sprungur.
5. Niðurstöður efnagreininga sýna að vatnið er efnasnautt og ágætt til nýtingar. Hins vegar ber að hafa í huga að jarðhitasprungan sem viðnámsmælingarnar gefa til kynna liggur út í sjó í Merkisvík. Ef hún er opin upp til yfirborðs undir sjávarmáli er hætta á að sjór sæki inn í jarðhitakerfið við dælingu úr borholum af svæðinu. Það hefði þær afleiðingar að vatnið kólnaði og mengaðist salti og súrefni. Þar með væri talsverð hætta á útfellingum og tæringu í lögnum.

Næstu skref í rannsóknum á jarðhitum í Hálshöfða felast í borunum grunnra rannsóknar-hola (100-200m) við meinta sprungu vestanvert í Hálshöfða. Gefi þær góðan árangur er næsta skrefið að bora 500-1000m djúpa vinnsluholu eða hugsanlega að dýpka einhverja af rannsóknarholunum.

Ganga mætti úr skugga um hvort þær vísbendingar sem fundust um lágvíðnámssprungur við Hámundarstaði hefðu við rök að styðjast með örlistilli viðbót viðnámssniðsmælinga eða borunum 4-5 grunnra hola (30-50m).

Ljóst er að vatnsöflun í Hálshöfða getur orðið nokkuð kostnaðarsöm og mun meiri hætta er á að vatnið kólni með tíma og valdi tæringu og útfellingum heldur en vatn frá jarðhitasvæðinu við Hamar. Af þeim sökum er æskilegra að væntanleg hitaveita á Árskógsströnd fái fremur vatn frá Hitaveitu Dalvíkur en að lagt verði í áhættusama virkjun í Hálshöfða. Jarðhitasvæðið í Hálshöfða virðist á hinn bóginn vera það svæði sem næst yrði leitað til þegar svæðið að Hamri er fullnýtt.

VIÐAUKI I

Viðnámssniðsmælingar


Frumgögn og líkön

Årskögsströnd Lina 1

AB/2 = 300m

A....MN....B

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)




Årskögsströnd Lina 1

AB/2 = 500m

A....MN....B

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)




JHD-JED-6505-RK
89.08.0440-T

Árskógsströnd Lína 1

AB/2 = 300m

A....MN....B

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)




Árskógsströnd Lína 1

AB/2 = 500m

A....MN....B


— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)



JHD-JED-6505 RK
89 05 0176 T

Árskógsströnd


Viðnámslíkan línu 1



JHD-JED-6505 RK
89 05 0176 T

Árskógsströnd

Viðnámslíkan línu 1



 JHD JED 6505 RK
89.08.0425 T


ÅRSKOGSSTRÖND LINNA 1

AB/2 = 500M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B



 JHD JED 6505 RK
89.08.0426 T


ÅRSKOGSSTRÖND LINNA 1

AB/2 = 500M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B



JHD JED 6505 RK
89.08.0427.T


ÅRSKÓGSSTRÖND LÍNA 1

AB/2 = 500M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
--- Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B




JHD-JED-6505-RK
89.08.0439-1



Årskógsströnd Lína 2

AB/2 = 300m

A MN B

— Rho_{AC-AB}
--- Rho_{BC-AB}
(Ohmm)





[REC] JHD JED 6505 RK
89.08.0428 T


ÅRSKÖGSSTRÖND LINA 3

AB/2 = 300M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
--- Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B



[REC] JHD JED 6505 RK
89.08.0429 T


ÅRSKÖGSSTRÖND LINA 3

AB/2 = 500M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
--- Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B




JHD-JED-6505-RK
8908.0438-T

Árskógsströnd Lína 4

AB/2 = 300m

A.....MN.....B

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(0hmm)




Árskógsströnd Lína 4

AB/2 = 500m

A.....MN.....B


— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(0hmm)



JHD-JED-6505 RK
89.05 0179 T

Árskógsströnd

Víðnámslíkan linu 4



JHD JED 6505 RK
89.08.0430 T


ÁRSKÓGSSTRÖND LINNA 5

AB/2 = 300M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B



[REC] JHD JED 6505 RK
89.06.0430 T


ÅRSKÖGSSTRÖND LINNA 5

AB/2 = 500M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B



[REC] JHD JED 6505 RK
89.06.0431 T

ÅRSKÖGSSTRÖND LINNA 6

AB/2 = 500M

FRUMGÖGN

— Rho_{AC-AB}
- - - Rho_{BC-AB}
(Ohmm)

A MN B

